

Snorri Sturluson  
Heimskringla  
NÓREGS KONUNGA SAGUR  
utgivet av  
FINNUR JÓNSSON

1911

## K. 7. Hernaðr í Svíþjóð.

Óláfr konungr helt þá austr fyrir Svíþjóð ok lagði inn í Loginn ok herjaði á bæði lönd. Hann lagði alt upp til Sigtúna ok lá við fornu Sigtúnir. Svá segja Svíar, at þar sé enn grjóthlöð þau, er Óláfr lét gera undir bryggjusporða sína. En er haustaði, þá spurði Óláfr konungr til þess, at Óláfr Svía-konungr dró saman her mikinn, ok svá þat, at hann hafði járnnum komit yfir Stoksund ok sett lið fyrir. En Svía-konungr ætlaði, at Óláfr konungr myndi þar bíða fræra, ok þótti Svía-konungi lítills vert um her Óláfs konungs, þvíat hann hafði lítit lið. Þá fór Óláfr konungr út til Stokssunda ok komsk þar eigi út. Kastali var fyrir austan sundit, en herr mannz fyrir sunnan. En er þeir spurðu, at Svía-konungr var á skip kominn ok hafði her mikinn ok fjöldi skipa, þá lét Óláfr konungr grafa út í gögnum Agnafir til hafs. Þá váru regn mikil. En um alla Svíþjóð fellr hvert rennanda vatn í Löginn, en einn óss er til hafs ór Leginum ok svá mjór, at margar ár eru breiðari. En þá er regn eru mikil ok snjánám, þá falla vötnin svá ósiliga, at forsfall er út um Stoksund, en Löginn gengr svá mjök upp á löndin, at víða flóar. En er grøptrinn kom út í sjáinn, þá hljóp vatnit ok straumrinn út; lét þá Óláfr konungr á skipum sínum leggja qll stýri ór lagi ok draga segl við hún. Byrr var á blásandi. Þeir stýrðu með árum ok gengu skipin mikinn út yfir grunnit ok kómu qll heil á hafit. En Svíar fóru þá á fund Óláfs Svía-konungs ok sögðu honum, at Óláfr digri var þá kominn út á haf. Svía-konungr veitti þeim stórar átöplur, er gætt skyldu hafa, at Óláfr kvæmisk eigi út. Þat er nú síðan kallat Konungssund, ok má þar ekki stórskipum fara, nema þá er vötn ósask mest. En þat er

sumra manna sögn, at Svíar yrði varir við, þá er þeir Óláfr höfðu út grafit fitina ok vatnit fell út, ok svá, at Svíar fóru þá til með her mannz ok ætluðu at banna Óláfi, at hann færi út, en er vatnit gróf út tveggja vegna, þá fellu bakkarnir ok þar fólkkit með, ok týndisk þar fjöldi liðs; en Svíar mæla þessu í 5 mót ok telja hégóma, at þar hafi menn farizk. Óláfr konungr siglði um haustit til Gotlandz ok bjósk þar at herja. En Gotar höfðu þar samnað ok gerðu menn til konungs ok buðu honum gjald af landinu; þat þekðisk konungr ok tekr gjald af landinu; ok sat þar um vetrinn. Svá segir Öttarr: 10

5. Gildir, komt at gjaldi rann, en (maðr of minna  
gotneskum her, flotna; margr býr of þrek) varga  
þorðut þér at varða hungur frá austr (an yngvi),  
þjóðlönd firar röndu; Eysýslu lið, þeyja.

Finnur gör väderstrecken  
kastali var fyrir austan sundit  
en herr mannz fyrir sunnan

Jag vet inte på vilka grunder han  
valt väderstrecken  
Den text jag funnit har resp  
vestan, austan

Väderstrecken är emellertid inte avgörande för tolkningen. Viktigare vid bestämmandet av platsen för händelsen är i hur hög grad miljöbeskrivningen överensstämmer med den fysiska miljön för 1000 år sedan. Det skulle dröja ytterligare 250-300 år innan Mälarmrådet blivit en insjö med utlopp vid Stockholm. Ännu idag skall vårfloden från större delen av Uppland ut genom det grunda sundet med branta bergstränder som fortfarande skapar strömdrag vid Stäket